

Sp.

699. Breytingartillögur

[124. mál]

við till. til þál. um aukið sjálfsforræði sveitarfélaga.

Frá meiri hl. allsherjarnefndar (JS, BÍG, HBl, SteinG).

- Í fyrstu mgr. tillögunnar komi: Alþingi ályktar að kjósa 7 manna nefnd til — í stað orðanna „Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni“.
2. a-liður 2. mgr. orðist svo:
Að skattlagning á tekjum einstaklinga og á eignum einstaklinga og fyrirtækja verði einvörðungu á vegum sveitarfélaga, en tekjuskattur og eignarskattur einstaklinga til ríkissjóðs falli niður, svo og eignarskattur fyrirtækja.
Innan rúmra marka, sem m. a. taki mið af tekjujöfnunarmöguleikum skattsins, ákveði sveitarstjórnir álagningarhlutföllin án afskipta ríkisvaldsins.
 3. b-liður orðist svo:
Að skattar af veltu verði alfarið á vegum ríkissjóðs, en aðstöðugjald til sveitarfélaga falli niður.
 4. Í stað orðanna „Að jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni fyrst og fremst“ í d-lið komi: Að Jöfnunarsjóður sveitarfélaga þjóni í auknum mæli.